

Minnisblað

Til: Íþróttá- og tómstundanefnd
Frá: Esther Ósk Arnórsdóttir, tómstundafulltrúi
Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs
Dags. 28. maí 2015
Mnr. 2015050063



ÍSAFJARÐARBÆR

Kvöldferðir strætó

8. janúar síðast liðinn sendi tómstundafulltrúi fyrirspurn til bærarstjóra Ísafjarðarbæjar þar sem óskað var eftir því að athugað yrði með strætóferðir á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar. Það er mat starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar að mikil þörf sé á kvöldferðum með strætó í tengslum við starf félagsmiðstöðvarinnar. Það er einnig mat starfsmanna að börn sem ekki búa í göngufæri við félagsmiðstöðina myndu nýta hana meira ef til staðar væru skipulagðar strætóferðir.

Í framhaldi af fyrirspurn tómstundafulltrúa athugaði sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs málið og ræddi við verktakann sem sinnir strætóakstri í Skutulsfirði og Hnífsdal. Ef miðað er við að bíll fari inn í Holtahverfi og þaðan út í Hnífsdal eða öfugt milli kl. 19:30 og 20:00 og svo aftur eftir lokun félagsmiðstöðvarinnar. Verktakinn hefur gefið þau svör að ef notast er við 16 manna bíla kosti þessar 6 ferðir á viku kr. 140.000 á mánuði en hækki töluvert þurfi stærri bíl. Lagt er til að tilraun verði gerð með lítinn bíl í haust og ef nýting verður góð verði hugað að kvöldakstri strætó í næstu fjárhagsáætlunargerð.